



# Vinnumarkaður áfram í óvissu – starfandi fólki fækkar og atvinnuleysi eykst




## Fólki á vinnumarkaði fjölgar ekki lengur

Samkvæmt niðurstöðum vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar er áætlað er að um 207 þús. manns hafi verið á vinnumarkaði í september 2019, sem jafngildir 80,3% atvinnuþátttöku. Af þeim voru u.þ.b. 200 þús. starfandi og 6.700 atvinnulausir. Starfandi fólki hefur fjölgað mikið í þeirri uppsveiflu í hagkerfinu sem nú er að ljúka. Sé litið á niðurstöður vinnuafskönnunar hefur meðaltal fjölda starfandi verið nokkuð stöðugt síðustu sex mánuði.

Niðurstöður úr staðgreiðsluskrá sýna einnig að fjöldi starfandi fólks á fyrri hluta ársins er næstum sá sami og var á sama tíma í fyrra. Innlendum starfsmönnum á vinnumarkaði hefur fækkað um 1,8% á þessum tíma, en erlendu starfsfólki fjölgað um 5,8%. Sé litið á tímabilið frá upphafi ársins 2014 fram á mitt ár 2019 hefur starfandi fólki fjölgað að meðaltali um 3,2% milli ára. Þar af hefur erlendu starfsfólki fjölgað að meðaltali um 15,3% á ári og innlendu um 1,3%. Á 2. ársfjórðungi í ár var erlendu starfsfólki enn að fjölga, en innlendu starfsfólki hafði fækkað um rúm 2% milli ára. Á seinni hluta ársins 2016 og seinni hluta 2017 fjölgaði erlendu starfsfólki að jafnaði um meira en fjórðung milli ára.

## Mismunandi merki um atvinnuleysi

Eins og áður segir voru 6.700 manns atvinnulausir í septembersamkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar, eða um 3,2% af vinnuafli. Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar voru um 7.100 manns á atvinnuleysiskrá í lok september, 3.830 karlar og 3.270 konur. Karlar voru því um 54% atvinnulausra, en voru um 52% í september í fyrra. Aukning skráðs atvinnuleysis á síðustu 12 mánuðum hefur því bitnað hlutfallslega verr á konum en körlum. Frá því í desember hefur atvinnulausum körlum fjölgað um u.þ.b. 1.040 og konum um u.þ.b. 770.





## Erlendum atvinnulausum fjölgað meira

Nú í lok september voru rúmlega 2.600 erlendir starfsmenn á atvinnuleysisskrá, eða 37,1% atvinnulausra. Í lok desember sl. voru erlendir starfsmenn 35,4% atvinnulausra þannig að hlutfall þeirra hafði aukist nokkuð frá því í desember. Erlendum atvinnulausum hefur því fjölgað hlutfallslega meira en innlendum á þessu ári.

Sé litið á fjölda starfandi á vinnumarkaði samkvæmt staðgreiðsluskrá má sjá að atvinnuleysi innlendra starfsmanna er um 2,6% af þeim sem eru á vinnumarkaði. Atvinnuleysi erlendra starfsmanna er hins vegar 6,2% og meðalatvinnuleysi allra 3,3%.

## Vinnutími að styttest

Vikulegur vinnutími var að jafnaði 38,7 stundir í september og hafði fjölgað um 0,8 stundir frá fyrra ári. Sé miðað við 12 mánaða meðaltal var vinnutíminn nú í september 38,9 stundir sem er 0,1 stundum styttri en í júlí 2018.

## Stytting vinnutíma dregur úr vinnuafslnotkun

Séu breytingar á fjölda starfandi og vikulegum vinnutíma teknar saman milli ársfjórðunga hefur vinnuafslnotkun aukist nær samfelld allt frá árinu 2012. Á 3. ársfjórðungi í ár dróst fjöldi starfandi saman um 0,4% og vinnutími lengdist um 0,1%. Vinnuafslnotkun minnkaði því um 0,3% milli ára, en það gerðist síðast á 3. ársfjórðungi 2016 og þar á undan á árinu 2012.


## Ýmis neikvæð tákni á lofti og óvissa framundan

Fyrr á árinu var reiknað með verulega auknu atvinnuleysi eftir því sem liði á árið og að staða á vinnumarkaði myndi versna. Þróunin hefur verið hægari en reiknað var með.

Fjöldi uppsagna í lok 3. ársfjórðungs hefur væntanlega aukið nokkuð á svartsýni um þróun vinnumarkaðar á næstunni. Í þessu sambandi beinast augun fyrst og fremst að ferðapjónustu, en einnig að byggingamarkaði. Spurningin um næstu loðnuvertíð skiptir líka miklu sums staðar á landinu.


Líklegt má telja að atvinnuleysi muni aukast eitthvað á næstu misserum, þó ekki eins mikið og reikna mátti með á tímabili. Hagfræðideild reiknar

Atvinnulausir sem hlutfall af fólki á vinnumarkaði í september




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Venjulegar vinnustundir



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Atvinna og vinnutími, ársfjórðungar



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



með að skráð atvinnuleysi verði 3,6% í ár, 4% á árinu 2020 og 3,5% á árunum 2021 og 2022.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. ([hagfraedideild@landsbankinn.is](mailto:hagfraedideild@landsbankinn.is)) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.